Mýrarárvirkjun

Snæfjallaveita og rafvæðing Inndjúps

Mýrarárvirkjun var lengi minnsta vatnsaflsvirkjun landsins sem tengd var almenningsrafveitu, 60 kW. En vægi hennar var meira en stærðin gefur til kynna, því að hún ruddi brautina fyrir tvær aðrar virkjanir í Inndjúpi, Blævadalsárvirkjun og Sængurfossvirkjun, ásamt rafvæðingu Inndjúps alls. Engilbert Ingvarsson á Tirðilmýri vann að fjármögnun virkjunarinnar í samráði við Kjartan Helgason í Unaðsdal og síðar komu Ásgeir Sæmundsson, tæknifræðingur og Theódór Árnason, verkfræðingur að skipulagningunni. Haustið 1963 var grunnur stöðvarhúss grafinn og veggir steyptir. Sumarið eftir, 1964 var lokið við stöðvarhúsið og stífla reist og var yfirsmiður Daníel Kristjánsson. Sumarið 1964 var sérlega hlýtt á Ströndinni og skaflinn sem venjulega var allt árið við fjallsræturnar tók upp. Fyrir bragðið gengu framkvæmdir mun betur en ella hefði verið. Strax árið eftir að stíflugerðinni lauk komu kalárin við Djúp, 1965–71. Þá hefði verið nær ógerningur að reisa stífluna vegna snjóa og bleytu.

Ásgeir Sæmundsson hannaði rafveitu Snæfjallahrepps og studdist þar við nýlega tækni sem kölluð var einn strengur og jörð. Háspenntar raflínur eru venjulega tveggja eða þriggja strengja. Slíkt hentar vel þar sem flytja þarf lítið afl um langan veg. Straumurinn var 60 rið/sek hjá Rafveitu Snæfjallahrepps fyrstu árin í stað 50 riða sem almennt gerðist. Það var ekki til baga á nokkurn hátt og varð fólk lítið vart við það. Jón Valdimarsson vélsmíðameistari, setti niður vélar virkjunarinnar og prófaði þær. Rafvirkjarnir Sveinn Guðbjartsson og Baldur Sæmundsson settu upp töfluna í stöðvarhúsinu,unnu einnig að raflögnum í íbúðarhús í hreppnum og sáu um aðrar lágspennulagnir. Sumarið 1965 voru háspennulínurnar lagðar í Snæfjallahreppi og voru línumenn frá Rafveitu Ísafjarðar fengnir til þess. Verkstjóri var Guðmundur H. Ingólfsson. Frá stöðvarhúsinu lágu þær í tvær áttir, annars vegar með ströndinni að Unaðsdal og Bæjum, hins vegar að Tirðilmýri. Spenna á línunni var 2,4 kV. Hún var alls tæpir 4 km að lengd. Staurar voru 37 talsins, flestir 9 metra langir, sá lengsti 12 m. Einnig var lagður 3 km langur sæstrengur út í Æðey.

Mýrarárvirkjun var gangsett 29. október 1965, aðeins tveimur árum eftir að reglugerð fyrir rafveituna var samþykkt. Engilbert Ingvarsson á Tirðilmýri hafði umsjón með rekstri Mýrarárvirkjunar og í afleysingum fyrir hann var Kjartan Helgason í Unaðsdal. Ekki leið nema hálfur mánuður þar til fyrst varð vart rennslistruflana í ánni. Þær voru óvenjutíðar næstu árin og var ástæða þess að hluta til kuldakastið 1965–71 en einnig að ristar stíflunnar, sem eru tvær, voru of fíngerðar. Önnur þeirra er þar sem vatn er tekið úr stíflunni til virkjunarinnar og hin er í inntaksþrónni. Þegar settar höfðu verið grófari ristar í stað þeirra upphaflegu urðu stíflur mun fátíðari. Snjóþyngsli eru yfirleitt mikil á Mýrarfjalli á vetrum en þau voru óvenjumikil fyrstu árin sem virkjunin var starfrækt. Árið 1975 var snjórinn á Mýrarfjalli mestur í tíð Rafveitu Snæfjalla. Í febrúar það ár datt framleiðslan niður og var með því minnsta í sögu virkjunarinnar. Mánuðina á eftir hélt hún áfram að vera slök. Í júlíbyrjun var afráðið að grafa niður á stífluna þótt ljóst væri að það yrði mikið verk því að skaflinn var mjög djúpur. Stíflan reyndist á 9–10 metra dýpi. Hreinsað var úr ristum og fékkst þá full vinnsla. Það sem eftir lifði árs var framleiðslan viðunandi. Anton Björnsson, rafveitustjóri á Ísafirði, var tæknilegur ábyrgðarmaður Rafveitu Snæfjallahrepps fyrstu árin. Eftir að Orkubú Vestfjarða tók við rafveitunni, 1978, setti það strengi í jörð víða á svæðinu, t.d. milli Mýrarárvirkjunar og Blævadalsárvirkjunar.

Skissur: Sigurður Ólafsson ehf.

Séð frá stíflunni í Mýrará yfir til Tirðilmýrar og Æðeyjar.
Mynd: Þórir H. Óskarsson, 1965.

Unnið við stöðvarhús Mýrarárvirkjunar. Frá vinstri: Engilbert Ingvarsson, Gunnbjörn Guðmundsson og Guðmundur H. Ingólfsson, verkstjóri.
Mynd: Þórir H. Óskarsson, 1965.

Upprunalegur rafall í stöðvarhúsi Mýrarárvirkjunar.
Mynd: Anton Björnsson, 1965.

Stöðvarhús Mýrarárvirkjunar. Mynd: Helgi H. Sigurðsson, 2004.

Sæmundur Benediktsson lengst til hægri, heimalningur á Bæjum. Mynd: Orkubú Vestfjarða.